

AUGLÝSING
um breytingu á aðalskipulagi Reykjanesbæjar 1995-2015,
Hafnargata - Víkurbraut.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 10. september 2007 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjanesbæjar 1995-2015 frá 28. mars 1996.

Breytingin felst í því að miðsvæði við Víkurbraut ofan Keflavíkurhafnar stækkar til suðurs og við það minnkar opið svæði til sérstakra nota milli Hafnargötu og Bakkastígs um 0,3 ha.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 10. september 2007.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 14. september 2007